


AUGLÝSING

um friðland á Ingólfshöfða.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið að friðlýsa Ingólfshöfða í Austur-Skaftafellssýslu og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins mynda ferhyrning um línur sem hugsast dregnar í 100 metra fjarlægð út frá ystu klettasnösum höfðans.



Þessar reglur gilda um friðlandið.

1. Hefðbundnar nýttjar bænda á Hofi og Svínafelli III í Hofshreppi fá að haldast á svæðinu með samkomulagi við Náttúruverndarráð. Sama gildir um hefðbundnar nýttjar Hofsness af fjöru vestan höfðans og ósi sem falla kann um svæðið.
2. Að öðru leyti má hvorki skerða gróður, skaða eða trufla dýralíf né gera jarðrask.
3. Mannvirkjum, sem nú eru á höfðanum, skal við haldið í samráði við Náttúruverndarráð.
4. Gangandi og riðandi fólki er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi en hyggist ferðafólk dvelja þar um lengri tíma þarf leyfi umsjónaraðila. Akstur er bannaður í höfðanum án sérstaks leyfis umsjónaraðila, svo og meðferð skotvopna.

Náttúruverndarráð getur falið umboð sitt samkvæmt þessari friðlýsingu þriggja manna umsjónarnefnd sem skipuð sé fulltrúum tilnefndum af landeigendum, náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu og Náttúruverndarráði.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer að ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 186/1974 um sama efni.

Í menntamálaráðuneytinu, 3. október 1978.

Ragnar Arnalds.

Runólfur Þórarinnsson.

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu.

(Söluskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 10. nóvember 1978.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu kr. 41 000

1.2. Símnótandi greiðir símatalfæri, húslagnir og tilheyrandi búnað samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma.

Stofngjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt sérgjaldskrá.

Framangreint gjald miðast við síma innan marka samfelldrar þéttar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Után þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í rör, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem póst- og símamálastjórnin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn í húskassa.

Símnótendur ráða fjölda tengla, enda fellur stofngjald af þeim niður í þessum tilfellum.